

Nd.

664. Nefndarálit

[134. mál]

um frv. til laga um launasjóð rithöfunda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir eftir meðferð í efri deild.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti 18. maí 1972 þess efnis, „að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðiritna sem viðbótarritlaun.“

Alþingi hefur á fjárlögum veitt fé til rithöfunda í þessu skyni og ljóst er að þessi réttarbót var hugsuð til frambúðar. Umrætt frv. er flutt því til staðfestingar og er eðlilegt að Alþingi fylgi þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ingvar Gíslason,
form.

Svava Jakobsdóttir.

Sigurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.

Magnús T. Ólafsson.

Gunnlaugur Finnsson.

Ellert B. Schram,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.